

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 1998-2018, Lambleiksstaðir á Mýrum.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 10. júní 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 1998-2018 frá 23. janúar 2001.

Breytingin felst í því að um 5 ha landbúnaðarsvæði norðvestur af bæjarhúsum á Lambleiksstöðum á Mýrum breytist í verslunar- og þjónustusvæði þar sem fyrirhuguð er uppbygging ferðamannaþjónustu með gistirými í stakstæðum smáhúsum, gistiheimili og tjaldsvæðum.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 10. júní 2010.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Íris Bjargmundsdóttir.*